

17. nóvember 2009

Sáttargerð vegna brots á 62. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 27. apríl 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og SP-Fjármögnun hf. með sér eftirfarandi sátt vegna brots SP-Fjármögnunar hf. á 62. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst SP-Fjármögnun hf., sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 62. gr. vvl. með því að hafa ekki birt árshlutareikning á réttan hátt á tilskildum tíma.

Í 62. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda um að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt VII. kafla vvl. um reglulegar upplýsingar útgefanda, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Ábyrgð á að upplýsingar séu gerðar opinberar hvílir á útgefanda samkvæmt 3. mgr. sömu greinar.

Með vísan til framangreinds, atvika að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.